

Nd.

762. Breytingartillögur

við frv. til laga um fasteignamat.

Frá nefndinni.

1. Við 2. gr.

Á ettir orðunum: »áður en matið fór fram« komi:
söluverð nágranna-fasteigna á sama tíma.

2. Við 3. gr.

a. Fyrir orðin: »sker Stjórnarráðið úr þeim ágreiningi« komi:

sker sýslumaður úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum úttekta-
manna hreppsins.

b. 2. málsgrein orðist svo:

*Eyðijarðir og eyðilönd, sem sjermetin hafa verið til dýrleika, skal
meta sjer í lagi, nema hafi að fullu og öllu í síðustu fimtán ár
legið undir aðra jörð.*

3. Við 4. gr.

- a. Á eftir orðunum: »landeiganda eða annara« komi:
og mannvirki þau og umbætur er gerð hafa verið á eigninni síðustu
10 árin.
- b. Orðin: »þótt eigi hafi áhrif á matsverð jarðarinnar«
falli burt.

4. Við 5. gr.

Á eftir orðunum: »og lóð sú« komi:
mannvirki.

5. Við 7. gr.

Greinin orðist svo:

Hverri fasteign, sem metin er, skal *lýsa nákvæmlega*, og skal ákveða hana svo skýrt, að eigi sje um að villast hver hún er; nafngreina skal eiganda hennar og notanda. *Þegar mat fer fram í fyrsta sinn skal tilgreina landamerki í matsgjörðinni.*

6. Við 8. gr.

Greinin falli burt.

7. Við 9. gr.

Í stað greinarinnar komi 4 nýjar greinar svohljóðandi:

9. gr.

Í hverri sýslu og kaupstað skal skipa 3 menn í fasteignamatsnefnd. Skulu 2 nefndarmenn kosnir af sýslunefnd eða bæjarstjórn, en hinn 3. skipar Stjórnarráðið, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt skal skipa 3 varanefndarmenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir reglum þeim, er settar verða í reglugjörð um fasteignamat.

Í hverri sýslu (lögsagnarumdæmi) og kaupstað skal vera yfirmatsnefnd. Í kaupstöðum skipar Stjórnarráðið formann yfirmatsnefndar og 2 aðra nefndarmenn, en í sveitum eiga sæti í nefndinni sýslumaður, sem er formaður, og tveir menn, er Stjórnarráðið skipar. Á sama hátt skal skipa varanefndarmenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir reglum þeim, sem settar eru í reglugjörð þeirri er að framan getur.

10. gr.

Sami maður má eigi sitja í fasteignamatsnefnd og yfirmatsnefnd. Yfirmatsnefndarmenn, aðrir en formenn, utan kaupstaða, skulu skipaðir æfilangt. Matsnefndarmenn, aðrir en formenn, skulu skipaðir til 10 ára, þannig, að annar nefndarmanna fer 5. hvert ár, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá af öðrum ástæðum, áður en starfstími hans er liðinn, tekur varamaður sæti í nefndinni þann tíma, sem hann átti eftir að vera.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa aftur svo oft sem vill. Þó er enginn, sem verið hefir 10 ár eða lengur í nefnd, skyldur til að taka skipun að nýju. Sextugur maður er ekki skyldur að taka á móti nefndarskipun.

11. gr.

Hver sem skipaður er í fasteignamatsnefnd eða yfirmatsnefnd, skal vinna eið að starfi sínu. Fasteignamatsnefndarmenn og yfirmatsnefndarmenn fá í fæðispeninga og ferðakostnað 5 krónur hvern dag, sem þeir gegna nefndarstörfum.

12. gr.

Fasteignamat og yfirmat, skal fara fram samkvæmt reglugjörð, er Stjórnarráðið semur, og skal því lokið í hverju umdæmi, fyrir 15. júlí, í fyrsta sinni 1918. Matsgerðirnar úr hverjum hreppi skulu lagðar fram 1. ágúst, á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og liggja þar til sýnis út mánuðinn. Að því búnu skulu þær sendar formanni yfirmatsnefndar.

Greinatalan á eftir breytist samkvæmt þessu.

8. Við 10. gr. (sem verði 13. gr.).

Fyrir »yfirskattanefnd« komi:

yfirmatsnefnd alstaðar í greininni og í öðrum greinum frnmvarpsins.

9. Við 14. gr. (sem verði 17. gr.).

„12. gr.“ breytist í samræmi við atkvæðagreiðsluna um breytingartil-lögurnar hér að framan.